

Bjargráðasjóður, Bændahöllinni, 107 Reykjavík

Um Bjargráðasjóð og æðarrækt.

Minnisblað

Bjargráðasjóður

Bjargráðasjóður byggir starfsemi sína á lögum um Bjargráðasjóð nr. 49/2009. Hann er sjálfstæð stofnun, að jöfnu í sameign ríkisins og Bændasamtaka Íslands.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir;

Almenna deild og **búnaðardeild**, og er hlutverk deildanna mismunandi.

Um almennu deild, A – deild:

A – deild Bjargráðasjóðs greiðir bætur til sjóðsfélaga vegna náttúruhamfara.

Í lögum sjóðsins eru eftirtalin atriði undir þeim lið: Girðingar, tún, rafmagnslínur sem tilheyra landbúnaði, heyi sem notað er við landbúnaðarframleiðslu og vegna uppskerubrests af völdum óvenjulegra kulda, þurrka, óþurrka og kals.

Tekjur A – deildar er ríkisframlag, 10 milljónir króna á ári.

Um búnaðardeild, B – deild og æðarrækt:

B – deild starfar samkvæmt 9. gr. laganna og hljóðar svo:

„Hlutverk búnaðardeildar er að bæta meiri háttar tjón hjá einstaklingum og félögum vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa þegar ásetningi eða gáleysi eigenda eða umsjónarmanns verður eigi um kennt og eðlilegar varnir hafa verið við hafðar. Ekki eru bætt tjón sem almennt er tryggt fyrir innan búgreinar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Bætt eru: a. tjón á búfé og afurðum búfjár, b. Uppskerutjón.“

Í 10. gr. laga um Bjargráðasjóð segir:

“Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins er fólgin í veitingu styrkja sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni í samræmi við fjárhag og stöðu sjóðsins. Stjórn sjóðsins leggur mat á styrkhæfni tjóns, ákveður styrkhlutfall og eigin áhættu tjónþola í tjóni. Styrkhlutfall og eigin áhættu er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða mismunandi eftir búgreinum og tegundum eigna og taka í því efni m.a. mið af tekjuskiptingu sjóðsins og rekstraráhættu hvernar búgreinar. Stjórn sjóðsins er heimilt að setja sér nánari vinnureglur um veitingu styrkja samkvæmt þessari grein.”

Forsenda styrkveitinga úr sjóðnum er að skil hafi verið gerð á búnaðargjaldi í samræmi við ákvæði laga nr. 84/1997.

Tekjur B – deildar eru hlutdeild hvernar búgreinar af Búnaðargjaldi.

A – deild. Dæmi um bætur óháð búgreinum:

Á árinu 2012 greiddi Bjargráðasjóður tæpar 35 milljónir króna vegna tjóns af völdum kals. Tjónið var ekki sundurgreint eftir búgreinum. Hugsanlega voru einhverjir æðarbændur í þessum hópi ?

Á undanförunum árum hafa verið greiddar bætur vegna skemmda á nýræktum, skriðufalla og flóða, óháð búgreinum.

Einhverjir þeirra sem fengu tjónabætur vegna þessa kunna að vera með æðarvarp.

Á árinu 2009 var greiddur sk. áburðarstyrkur til bænda að upphæð 187 milljónir kr., án sundurgreiningar eftir búgreinum.

Allmargir æðarbændur eru örugglega í þeim hópi.

Búnaðargjald:

Búnaðargjald er innheimt skv. lögum nr. 84/1997 og er **1,2%** af veltu búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum.

Til að standa straum af kostnaði við álagningu og innheimtu renna 0,5% af þeirri upphæð í ríkissjóð.

Að öðru leyti skiptist gjaldið skv. eftirfarandi töflu:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi – frá 2006.

| | Bændasamtök | Búnaðar- | Búgreina- | Bjargráða- | |
|------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| Afurðir | Íslands | sambönd | samtök | sjóður | Alls |
| Nautgripaafurðir | 0,35 | 0,50 | 0,30 | 0,05 | 1,20 |
| Sauðfjárafurðir | 0,40 | 0,50 | 0,15 | 0,15 | 1,20 |
| Hrossaafurðir | 0,40 | 0,40 | 0,35 | 0,05 | 1,20 |
| Svínaafurðir | 0,15 | 0,10 | 0,65 | 0,30 | 1,20 |
| Alifuglakjöt | 0,15 | 0,10 | 0,20 | 0,75 | 1,20 |
| Egg | 0,15 | 0,10 | 0,75 | 0,20 | 1,20 |
| Kartöflur, rófur | 0,35 | 0,10 | 0,60 | 0,15 | 1,20 |
| Grænmeti, blóm | 0,35 | 0,10 | 0,75 | 0,00 | 1,20 |
| Grávara | 0,40 | 0,10 | 0,70 | 0,00 | 1,20 |
| <i>Æðardúnn</i> | <i>0,40</i> | <i>0,10</i> | <i>0,55</i> | <i>0,15</i> | <i>1,20</i> |
| Skógarafurðir | 0,35 | 0,10 | 0,75 | 0,00 | 1,20 |

Æðarrækt og Bjargráðasjóður.

Á umliðnum árum hefur Bjargráðasjóður bætt tjón í æðarrækt.

Árið 2007 var greitt vegna tjóns og aftur í ársbyrjun 2012 (tjón 2011) .
Árin þar á milli voru tjónalaus.

Inngreiðslur í sjóðinn voru; árið 2010 kr. **183.848**
árið 2011 kr. **286.637**.

Staða greinarinnar var í árslok 2011 – þ.e. ónýtt framlag í búnaðardeild
var kr. **2.022.485**.

Þá er eftir að taka tillit til tjóns sem varð árið 2011, sem greitt var út í ársbyrjun 2012.

Þessi staða sýnir það svigrúm til bóta sem til staðar er, en eins og fyrr segir miðast
bætur í hverri búgrein við stöðu viðkomandi greinar gagnvart sjóðnum.

Ef inngreiddir fjármunir æðarræktar í B - deild leyfa, þá hefur upphæð bóta miðast
við 20% eigin áhættu og síðan 67% bætur.

Reglur Bjargráðasjóðs og umsókn um tjón í æðarrækt.

Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni vegna æðardúnstekju eiga kost á styrk úr sjóðnum, enda sanni þeir að greitt hafi verið Búnaðargjald af æðardúni.

Umsókn þarf að fylgja vottorð trúnaðarmanns sjóðsins (héraðsráðunautar), eða dýralæknis, tilkvaddra matsmanna, oddvita eða annarra sérfróðra aðila að óskum sjóðsins, allt eftir eðli tjóns.

Umsókn skal fylgja afrit af skattframtölum síðustu þriggja ára, þar sem fram komi hverjar tekjur þeirra hafa verið af æðardúnstekju.

Sjóðurinn bætir tjón af völdum óveðurs og skriðufalla, svo og tjón sem friðaðir fuglar valda.

Hins vegar bætir sjóðurinn ekki tjón sem réttdræpir fuglar og dýr valda, s.s. máfar, hrafnar, tófa og minkur.